

## Landsþjónustunefndin á Íslandi

**Landsþjónustunefndin** í hverju landi stendur fyrst og fremst vörð um erfðavenjur, hugtök og reynsluspor AA samtakanna. Við alkóhólistar erum starfsglaðir og frumkvæðir einstaklingar og hætt er við að það gæti raskað starfsemi AA samtakanna ef hver AA maður fram af öðrum lagfærði og breytti eftir því sem honum sýndist best fara á málum innan samtakanna. Þess vegna eru erfðavenjurnar – fjöregg okkar.

Málum sjálfra AA deildanna er ekki miðstýrt, þar er ekki félagaskrá, engin inntöku eða áskriftagjöld og engin skuldbinding um aðild.

AA samtökin eru sjálfbær og sjálfstæð og halda sig í alla staði við sitt meginmarkmið, en eina markmið AA samtakanna er að alkóhólistar fái öðlast allsgáð líf. Samtökin velja sjálf menn til nefndarstarfa, til varðveislu og tryggingar áframhaldandi starfsemi. Í upprunalandinu (Bandaríkjunum) er í skilningi laganna höfundarrétturinn geymdur og þar er haldið utan um „stóru myndina,” en AA samtök starfa í fjölda annarra landa og ekki þarf formlegt leyfi til þess að stofna til þeirra. Á Íslandi voru þau stofnuð árið 1954.

Grundvöllur AA samtakanna er annars vegar reynslusporin tólf, þau stíga AA menn til að öðlast allsgáð líf: hinsvegar erfðavenjurnar tólf, en þær voru myndaðar til þess að vernda AA samtökin núningi sem ella hefði að lokum getað aflagt þau. Spörin og erfðavenjurnar eru einfaldlega tekin upp sem slík, þeim er ekki breytt, ekki tekið af þeim né bætt við þau.

Ýmiskonar umsýsla, svo sem rekstur AA samtakanna sem landsamtaka, er einnig í höndum landsþjónustunefndar. Varðveisla skjala, tækja og annarra líkra eigna og rekstur skrifstofu samtakanna er þar með talinn. Fjárhagur AA samtakanna byggir eingöngu á framlögum AA deilda og án þeirra væri enginn slíkur rekstur. Landsþjónustunefnd skipar einnig undirnefndir sem sinna sérstöku verkefnum innan samtakanna og hún kallar saman og heldur hina árlegu landsþjónusturáðstefnu þar sem raddir AA félaga – og þar með AA samtakanna á Íslandi – heyrast og ná saman. Nefndin sinnir erindum sem henni berast víða að, og viðheldur sambandi við AA samtökin úti í heimi.

Segja má að sameiginleg velferð AA samtakanna á Íslandi sé í höndum landsþjónustunefndar að því leyti sem við kemur rekstri, opinberri umsýslu og úrvinnslu ýmissa mála sem AA deildir vinna ekki sjálfar innan síns starfs.

Nánar um landsþjónustunefnd í þjónustuhandbókinni okkar, sjá á [aa.is](http://aa.is).